



Stjórnarfundur

Staður og tími: Fjarfundur 3.janúar 2023 kl. 18:00

Mættir aðalmenn: Aðalsteinn Símonarson (AS), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Baldvin Hansson (BH), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS).

Mættir varamenn: Sigurjón Andersen (SA) og Sigfús B Sverrisson (SBS).

Fundinn sat einnig Bergur Þorri Benjamínsson framkvæmdastjóri.

Fjarverandi: Halldór Jóhannsson (HJ).

AS ritaði fundargerð.

1. Keppnisgreinareglur 2023

Birtar hafa verið reglur allra keppnisgreina fyrir árið 2023 inni á heimasíðu sambandsins. Er þar hlekkur yfir í nýtt kerfi sem heldur utanum allar reglur og er t.d. hægt að bera saman gildandi reglur við eldri útgáfur.

Eftir er að klára örfáar flokkareglur fyrir rally og spyrnu, vonast er eftir að það náist á næstu vikum.

2. Viðbragðsáætlun

HKS lagði til að skipaður yrði vinnuhópur til að fara yfir Viðbragðsáætlun vegna atvika og áfalla sem upp geta komið í starfinu, var sú tillaga samþykkt.

HRR og HKS buðust til að taka sæti í vinnuhópnum. Framkvæmdastjóra falið að finna einn aðila í viðbót í hópinn, helst karlkyns.

3. Afrekssjóður ÍSÍ

AKÍS sendi inn umsókn um aukinn styrk til afrekssjóðs ÍSÍ nú á dögnum.

4. Fjármál

Framkvæmdastjóri lagði fram bráðabirgðauppgjör fyrir liðið ár og fyrstu drög að fjárhagsáætlun fyrir 2023.

Ákveðið að gjaldkeri og framkvæmdastjóri leggi fullbúinn ársreikning 2022 fram á stjórnarfundum 7. febrúar n.k. og einnig uppfærða fjárhagsáætlun ársins 2023.

5. Viðvera framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri mun til reynslu framvegis verða með fasta viðveru á skrifstofunni að jafnaði frá 9-16 alla virka daga. Viðvera verður frá 12-18 þá daga sem stjórnarfundir fara fram. Hann svarar öllum bráðum erindum sem ekki þola bið eins og verðið hefur um hæl.



6. Keppnisráð í rafíþróttum

HKS leggur til að stofnað verði keppnisráð sem sinni öllum aksturstengdum rafíþróttum, en í dag heyra rafíþróttir undir keppnisráði í viðeigandi greinum.

Tillagan var samþykkt og framkvæmdastjóra falið að kynna málið fyrir keppnishaldara.

7. Afreksstefna

HKS leggur til að skipaður verði vinnuhópur til að endurskoða gildandi afreksstefnu og skila tillögum til stjórnar fyrir ársþing sambandsins í mars.

SA og HKS gefa kost á sér í hópinn, framkvæmdastjóra falið að finna einn aðila í viðbót í hópinn.

8. FIA Immersion

Kolbrún Vignisdóttir var valin af FIA til að taka þátt í verkefninu s.l. faust og fór m.a. til Frakklands í tengslum við International Motorsports Games í október.

HKS lagði til að fá Kolbrúnu á stjórnarfund 17. janúar til að segja frá verkefninu og ræða hvernig AKÍS getur unnið með það áfram. Tillagan var samþykkt.

9. Önnur mál

- a. Von er á tillögum frá vinnuhóp um fjölmiðlamál í dag. Ákveðið að taka málið fyrir á stjórnarfund 17. janúar.
- b. Viðræður SA og Gastec við Linde varðandi glaðloft hafa engu skilað.
- c. HKS upplýsti að hún hefur verið boðuð á fund hjá Samskiptaráðgjafa íþróttar og æskulýðsstarfs vegna máls sem er þar til meðferðar.
- d. HRR spurði hvort eitthvað hafi komið frá FIA varðandi skipun í ráð og nefndir. HKS upplýsti að ekkert hafi heyrst ennþá þrátt fyrir að spurt hafi verið eftir því.

Fundi slitið kl. 19.39